

Skólabúðirnar á Úlfljótssvatni

Skilmálar: Skólabúðir

1. Bókunarferli

Skóli/kennari sem vill bóka dvöl í skólabúðunum byrjar á því að senda póst á ulfljotsvatn@skatarnir.is. Taka skal fram:

- Nafn skóla
- Nafn tengiliðs, netfang og símanúmer
- Áætlaðan fjölda nemenda og kennara (aðeins er greitt fyrir nemendur sem mæta)
- Dagsetningu sem óskað er eftir og tegund dvalar
- Heiti og kennitalu greiðanda (t.d. skóla, foreldrafélags eða sveitarfélags)

Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótssvatni (ÚSÚ) sendir svo bókunarstaðfestingu sem kennari/skóli staðfestir með undirskrift til að festa hópnum umbeðnar dagsetningar.

Ekki þarf að greiða staðfestingargjald til að bóka dvöl í skólabúðunum.

2. Hlutverk kennara

Kennarar skipta sjálfir með sér verkum, en farið er fram á að a.m.k. einn kennari sé viðstaddur dagskrá hverju sinni, hafi auga með hópnum og geti gripið inn í aðstæður ef þörf er á. Mælt er með því að allir kennarar noti sem mest af tímanum til að kynnast nemendum í nýju ljósi.

Starfsfólk ÚSÚ sér um dagskrá frá 10.00 til 21.30, með stuttum hléum í kringum matartíma. Starfsfólk ÚSÚ sér líka um skipulag í matartímum. Utan skipulagðrar dagskrár er hópurinn alfarið í umsjón kennara.

Fyrir brottför þarf að taka lök af rúmum og safna þeim fram á gang, taka saman allt rusl, ganga frá í setustofum og skilja við húsin í snyrtilegu ástandi.

3. Tryggingar og ábyrgð

Allt tjón sem verður vegna gesta, meðlima hópa eða fararstjóra þeirra skal greiðast að fullu af viðkomandi gestum/hópi, þar með talið tilefnislaus útköll viðbragðsaðila og virkjun brunaboða án lögmætrar ástæðu.

ÚSÚ tekur ekki ábyrgð á týndum eða skemmdum persónulegum búnaði á meðan á dvöl stendur. ÚSÚ greiðir ekki bætur fyrir tjón eða slys nema sýnt sé fram á að það verði vegna vanrækslu eða viljaverks að hálfu ÚSÚ.

ÚSÚ er ekki ábyrgt fyrir tjóni sem verður vegna gjörða eða vanrækslu starfsfólks sem fer út fyrir ábyrgðasvið sitt, þriðja aðila, annarra gesta, ófyrirséðra ytri atvika eins og t.d. náttúruhamfara eða opinberra reglna.

Fari foringi/fararstjóri/hópstjóri og/eða meðlimur hóps ekki eftir leiðbeiningum ÚSÚ og starfsfólks ÚSÚ fellur ábyrgð ÚSÚ niður.

Skólar/kennarar þurfa að vera með áætlun um hvernig hægt sé að sækja staka nemendur, til dæmis vegna veikinda eða agamála.

4. Meðferð persónuupplýsinga

Meðferð persónugreinanlegra upplýsinga sem skráðar eru vegna þátttöku, útsendra reikninga, slysa eða alvarlegra atvika er í samræmi við samþykktu persónuverndarstefnu Bandalags íslenskra skáta (BÍS) sem finna má hér: (<https://skatarnir.is/personuverndarstefna/>)

ÚSÚ starfar eftir viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins. Sjá hér:

<https://www.aev.is/verkfaerakistan/vidbragdsaaetlun>

Persónuupplýsingar sem gefnar eru upp í bókunarferli eða við atvikaskráningu eru vistaðar af ÚSÚ og sendar BÍS sem gefur út reikninga fyrir ÚSÚ. Persónuupplýsingar er varða slysa- og atvikaskráningu eru vistaðar af ÚSÚ. Það er á ábyrgð þess foringja/fulltrúa hóps sem bókar dvöl/þjónustu að útvega samþykki foreldra gesta/þátttakenda sem eru undir 18 ára aldri þar sem það á við.

Reglulega eru teknar myndir af hópum í dagskrá skólabúðanna. Með þátttöku í skólabúðunum gefa gestir ÚSÚ leyfi til að nota slíkar myndir í kynningarskyni skólabúðirnar og ÚSÚ.

5. Framkoma og umgengni

Að dvelja í skólabúðum getur verið dýrmæt og eftirminnileg reynsla. Ein af grunnforsendum þess er að allir þátttakendur sýni í verki góða hegðun og virðingu gagnvart öðrum þátttakendum og starfsfólki. Í tilfellum þar sem þátttakandi sýnir af sér ógnandi hegðun, einelti eða ofbeldi gagnvart starfsfólki, eða vinnur viljandi skemmdir á aðstöðu, getur ÚSÚ farið fram á það við kennara/skóla að þátttakandi verði sendur heim úr skólabúðum og skal orðið við því samdægurs. Komi til þess fæst þáttökugjald ekki endurgreitt. Það sama gildir ef þátttakandi er sendur heim vegna ákvörðunar skóla/kennara.

Reykingar (þar með talið rafrettur) eru bannaðar í öllum byggingum og á sameiginlegum svæðum.

Sjá nánar um reykingar, notkun áfengis og annarra vímugjafa, sem og eineltis- og ofbeldisstefnu og samskipta- og siðareglur, í almennum skilmálum:

www.ulfjotsvatn.is/skilmalar

6. Afbókunarskilmálar

Vegna endanlegs fjölda þátttakenda:

Eftir dvöl í skólabúðum er sendur reikningur fyrir endanlegum fjölda þeirra nemenda sem sannarlega mæta í skólabúðirnar, í hluta dvalar eða alla dvölinna. Reikningur er þó aldrei fyrir færri en sem nemur 80% af þeim nemendum sem upphafleg bókun gerði ráð fyrir.

Ekki er veitt endurgreiðsla eða afsláttur fyrir þá nemendur sem eru bara hluta af dvölinni, hver sem ástæðan er.

Vegna afbókunar:

- **Frá bókunarstaðfestingu þar til 2 mánuðum fyrir komu:** Ekkert gjald er innheimt.
- **Frá 2 mánuðum fyrir komu þar til 2 vikum fyrir komu:** 50% af bókun er innheimt, miðað við upphaflega bókun.
- **Frá 2 vikum fyrir komu þar til dvöl lýkur:** Fullt gjald er innheimt, miðað við upphaflega bókun.

Mögulegt er að veita undanþágu frá afbókunarskilmálum vegna ófyrirséðra ytri atvika eins og t.d. náttúruhamfara eða opinberra reglna.